



# PERLUR

## FLJÓTSDALSHÉRAÐS



# HIKING TREASURES

## IN EGILSSTAÐIR REGION



[www.ferdaf.is](http://www.ferdaf.is) // [www.visitegilsstadir.is](http://www.visitegilsstadir.is)





# Perlur Fljótsdalshéraðs

## Hiking Treasures in Egilsstaðir Region

### Perlur Fljótsdalshéraðs

Perlur Fljótsdalshéraðs eru 28 gönguleiðir í sveitarfélögunum Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi. Sveitarfélögin ná yfir um 10% af flatarmáli Íslands. Perlurnar eru af ýmsum toga, fossar og vötn, gil og gljúfur, smáhellar og vikur en flestar eru þær fjöll og fjallstoppar með útsýni til allra átta. Það er Ferðafélag Fljótsdalshéraðs sem hefur haft veg og vanda af vali á þessum perlum og gönguleiðum.

### Gönguleikur

Við hverja perlu eða áfangastað er hólkur sem inniheldur upplýsingar um staðinn ásamt gestabók og stimpli. Með því að stimpla í sérstakt kort, sem er til sölu á nokkrum stöðum og staðfesta þannig komu sína á áfangastaðinn er hægt að taka þátt í skemmtilegum gönguleik. Hvert kort þarf að vera með stimpla frá 9 stöðum. Hægt er að kaupa þessi kort í Upplýsingamiðstöðinni á Egilsstöðum, á skrifstofu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, Tjarnarásí 8 Egilsstöðum, í Egilsstaðastofu við tjaldsvæðið á Egilsstöðum svo og í gönguferðum á vegum Ferðafélagsins. Kortum skal skilað á skrifstofu Ferðafélagsins eða í Egilsstaðastofu þegar búið er að stimpla í þau. Dregið er úr innsendum kortum í september ár hvert – flottir vinningar.

### Gönguleiðirnar

Gönguleiðirnar eru af ýmsum toga og liggja um margs konar land. Sumar taka aðeins um klukkustund en aðrar taka allan daginn. Flestar eru auðveldar eða miðlungs erfiðar en í sumum tilvikum getur þurft sérstakan gönguútbúnað, sérstaklega á veturna. Við hverja áfangastaðalýsingu í þessum bæklingi er mat lagt á hversu erfið og löng leiðin er við venjulegar aðstæður. Göngutíminn, sem gefinn er upp, er miðaður við báðar leiðir. GPS punkturinn, sem gefinn er upp, er miðaður við hólkin á hverjum áfangastað nema annars sé getið.

### Hiking Treasures in Egilsstaðir Region

“Hiking treasures in Egilsstaðir region” is the name chosen for 28 carefully selected walking trails and treasured destinations in the municipalities of Fljótsdalshérað and Fljótsdalshreppur. The premises of the area covers about 10% of Iceland. The destinations are waterfalls, lakes, creeks, canyons, small caves and inlets by the sea side. Yet, most of the trails include mountain tracks and peaks with a great view. The Local Touring Club in Fljótsdalshérað has contributed most of the effort and information to this selection of hiking trails.

### Hiking lottery


At each destination a tubular container or cylinder holds information on the site, a visitors' log to sign and a unique stamp made for each location. Hikers can buy specially made cards to bring along on their hike and are for stamping at each destination. Those can be bought in numerous places such as at the Information Centre in Egilsstaðir, at the office of Local Touring Club in Tjarnarás 8, 700 Egilsstaðir or at Egilsstaðastofa Visitor Center by the camping area. That is how hikers can document their arrival to the sites, enter a lottery and possibly win rewards. However, one must have stamps from 9 destinations to enter. Hikers can hand in or send their stamped cards to the office of the Local Touring Club or to Egilsstaðastofa Visitor Center. The draw is in September each year.

### Hiking Trails

The hiking trails offer a great variety in landscape and length. Some take only an hour to hike while other walks take a whole day. Most of them are a fairly easy walks or medium level while in some instances one needs selected equipment for the more difficult walks - especially in the winter. This booklet contains a description of each trail and an estimated of length and level of difficulty in normal circumstances. The time estimate includes the walk towards each destination and return to starting point. The GPS co-ordinates refer to the location of the cylinder at each destination unless otherwise mentioned.

Allir sem heimsækja Perlur Fljótsdalshéraðs eru beðnir um að sýna náttúru svæðisins virðingu. Göngum ávallt frá áningarstað eins og við viljum koma að honum. Skiljum ekki eftir rusl á víðavangi né urðum það, tökum ruslið með til byggða eða setjum það í sorptunnur. Samkvæmt náttúruverndarlögum er almenningi heimilt að ganga um óræktuð lönd og dvelja þar án sérstaks leyfis en vinsamlega sýnið landeigendum fulla tillitssemi, gangið eftir merktum gönguleiðum þar sem þær eru og virðið rétt þeirra m.t.t. búfenaðar og ræktunar hvers konar. Muna þarf að loka hliðum og ganga vel um girðingar. Skiljið eftir skilaboð um áætlaða leið, varaleið og áætlaðan tíma. Ef út af bregður reynið þá að láta vita af ykkur.

- Vinsamlegast setjið ekki rusl í hólkana eða stimplið í gestabækur.
- Kveikjum ekki eld á grónu landi.
- Rifum hvorki upp grjót né hlöðum vörður.
- Sköðum ekki gróður.
- Truflum ekki dýralíf.
- Skemmum ekki jarðmyndanir.
- Rjúfum ekki öræfakýrrð að óþörfu.
- Ökum ekki utan vega.
- Fylgjum merktum göngustígum þar sem þeir eru.



All visitors of the Hiking Treasures in Egilsstaðir Region are asked to respect its delicate and precious nature when travelling in the area. According to our legislation on the reservation of nature, all people can walk across and dwell on land untouched by farming or private residence without special permit. Do keep in mind the landowners' wishes, walk along marked trails and respect farmers right regarding domestic animals and land for harvesting. Do remember to close gates and be careful with fences. Do leave information about your planned hike, about your plan B, should problems arise, and about your approximate time of return. Try to get in touch if a change of plan occurs.

- We leave each destination as we would like to find them.
- We do not leave or bury trash - bring it with you to town.
- We do not put trash in the cylinders or stamp in the visitors logs.
- We do not light fires on undergrowth.
- We do not tear up rocks or stones, do not build rock piles.
- We do not disturb vegetation.
- We do not disturb wildlife.
- We do not spoil the ground.
- We do not disturb the stillness in the wild.
- We do not drive off-road.
- We do follow marked trails.



## #1 Kóreksstaðavígi

(N65°32.782-W14°10.591) // Létt ganga-Easy Walk // 15-20 mín



Kóreksstaðavígi er fallegur stuðlabergsstapi. Þar á Kórekur að hafa varist óvinum sínum um stund áður en hann féll. Hann var heygður við Vígið. Ekið er framhjá félagsheimilinu Hjaltalundi og síðan afleggjarann að Kóreksstöðum. Stoppað við bílastæði og skilti rétt hjá hliðinu heim að Kóreksstöðum. Gengið út eftir að Kóreksstaðavígi. Hólkur með gestabók og stimpli blasir við þegar komið er gangandi að Víginu. Gaman er að fara upp á Kóreksstaðavígi.

Kóreksstaðavígi is a beautiful rock of basalt columns. There the Viking Kórekur is said to have fought his enemies to the death and been buried at the site. One drives past Hjaltalundur and takes the road towards the farm Kóreksstaðir. Park your car in an area close to the sign by the gate leading to the farm. Walk on towards the Kóreksstaðavígi where you will find a cylinder with the visitors' log and stamp. Standing on its top is an enjoyable experience.





## #2 Stapavík

(N65°36.17-W13°57.97) // Létt ganga - A light walk // 2-3 klst./hrs



Gengið frá bílastæði rétt fyrir ofan heimkeyrsluna að Unaósi og út með Selfljóti. Gengið fram hjá Eiðaveri en þaðan lét Margrét ríka á Eiðum róa til fiskjar um miðja 15. öld. Þar eru líka fornar beitahúsatættur. Upplagt að koma við á Krosshöfða þar sem var löggilt verslunarhöfn frá 1902. Hólkurinn er við gamla spilið í Stapavík. Í vikinni var vörum skipað upp alveg fram á fjórða áratug síðustu aldar. Gömul þjóðleið er frá Krosshöfða yfir Gönguskarð til Njarðvíkur.

Hikers leave from a small parking area near the driveway leading to the farm Unaós and walk along the river Selfljót. An ideal stop would be by Krosshöfði landing which in 1902 was made an official trading harbour. You will find the cylinder with visitors' log book and stamp by the old winch in Stapavík. Merchandise was shipped to Stapavík until the nineteen thirties. An old trail lies from Krosshöfði through Gönguskarð to Njarðvík.



## #3 Stóruð

(N65°30,88-W13°59,79) // Létt ganga - Easy Walk // 5-6 klst./hrs



Gengið frá þjónustuhúsi á Vatnsskarði (65°33,71- 13°59,56) að krossgötum sunnan Mjóadalsvarps (65°31,10-13°59,36). Stikuð hringleið er um Stóruð og þar er kassi með gestabók og stimpli. Göngufólk er hvatt til að halda sig á merktum leiðum. Hægt er að velja nokkrar leiðir til baka úr Stóruð t.d. niður á bílplan á Vatnsskarðsvegi (65°33,71-13°59,56) og einnig er hægt að ganga til Njarðvíkur að þjóðvegi (65°33,05-13°58,24). Best er að fara í Stóruð eftir miðjan júlí og fram í miðjan september.

Hikers start from the facilities cabin in Vatnsskarð (65°33,71-13°59,56) to crossroads (65°31,10-13°59,36) south of Mjóadalsvarp. Hikers are always advised to go by the staked trails. In Stóruð you will find the box with visitors' log book and stamp. Few other trails lead back from Stóruð. You can walk towards Vatnsskarðsvegur (65°33,71-13°59,56) or you can go to Njarðvík (65°33,05-13°58,24). The best time of year to hike to Stóruð is from the middle of July to the middle of September.





## #4 Fardagafoss

(N65°16.06-W14°19.96) // Létt ganga-A light walk // 1.5 klst/hrs



Oftast er gengið frá skilti við bílastæði neðarlega í Fjarðarheiðinni. Gengið er upp með ánni og má þar sjá Gufufoss. Gengið áfram upp með gljúfurbarminum norðan megin. Þegar komið er að fossinum er hægt að fara ofan í gilið (keðja þar til að styðja sig við). Gaman er að fara á bak við fossinn. Hólkur með gestabók og stimpli blasir við þegar fólk nálgast fossinn. Gaman er að leggja upp frá Egilsstöðum, ganga yfir gömlu Eyvindarárbrúna og fara svo inn á gamla veginn rétt utan við afleggjarann að Miðhúsum.

Walk from the parking area up along the river on the north bank until you get to the Gufufoss-waterfall. When you get to the ravine you will find a chain linked to the cliffs for support. One can get behind the waterfall. A cylinder with visitors' log book and stamp can easily be found up there. You can start this hike in Egilsstaðir town. Walk across the old bridge crossing Eyvindará-river and then turn on to the old gravel road, cross the driveway to Miðhús-farm up towards the parking area.





## #5 Vestdalsvatn

(N65°17.102-W14°17.887) // Létt ganga - Easy walk // 4 klst/hrs



Skemmtileg gönguleið er yfir Vestdalsheiði frá Héraði yfir í Seyðisfjörð. Vestdalsheiði var áður fyrr fjölfarinn fjallvegur en gengið var upp með Gilsá yfir heiðina og niður Vestdal í Seyðisfjörð. Gott er að hefja göngu að Vestdalsvatni við stífluna við Heiðarvatn (N65° 14,394-W14°10,253) á Fjarðarheiði og er þá gengið til norðurs. Þetta er góð gönguleið um ávalar hæðir. Þegar komið er að Vestdalsvatni er um þrjár leiðir að velja ef fólk vill ekki fara sömu leið til baka. Niður Vestdal í Seyðisfjörð þar er stikuð leið. Niður Gilsárdal eftir greinilegri slóð að Gilsárteigi (norðan við Eiða á Fljótsdalshéraði) eða fyrir vestan Bjólfinn niður í Stafdal. Hólkurinn með gestabók og stimpli er þar sem Gilsáin fellur úr vatninu. Vaða þarf ána ef gengið er af Fjarðarheiði.

A great trail for hiking which involves crossing Vestdalsheiði mountain range, from Hérað to Seyðisfjörður. Vestdalsheiði heath used to be a frequently travelled road. People walked along Gilsá river, across the heath, and into Vestdalur valley. A good choice involves starting the walk to Vestdalsvatn lake by the reservoir at Heiðarvatn lake (N65° 14,394-W14°10,253) in Fjarðarheiði heath and head north. This is a nice walk in rolling hills. When you get to Vestdalsvatn you can choose between three routes if you don't want to take the same route back. Down Vestdalur by a staked trail to Seyðisfjörður; down Gilsárdalur valley down towards Gilsárteigur farm (north of Eiðar in Fljótsdalshérað) or go west of Bjólfur mountain down to Stafdalur valley. The cylinder with the visitors' log book and stamp is where Gilsá river runs out from the lake. You will need to cross the river if you choose to walk from Fjarðarheiði.





## #6 Rauðshaugur

(N65°12.77-W14°23.01) // Létt ganga-Easy walk // 2 klst/hrs



Rauðshaugur er áberandi brjóstlaga hóll upp af Höfða og sést víða af Héraði. Þjóðsaga segir hólinn vera grafhaug Rauðs bónda á Ketilsstöðum, sem nefndur er Ásrauður í fornsögum, og sést þaðan til tveggja annarra frægra hauga, Bessahaugs í Fljótsdal og Ormarshaugs í Fellum. Sagan segir að Rauður hafi verið heygður með öll sín auðæfi og að fólk hafi reynt að grafa í hauginn en orðið frá að hverfa þar sem bærinn á Ketilsstöðum virtist standa í ljósum logum. Frábært útsýni yfir Fljótsdalshérað. Genginn vegaslóði frá Fagradalsvegi (N65°14,590-W14°21.156).

Rauðshaugur is a rock or a hill protruding from the farm Höfði and can be seen widely from Hérað. According to legend it is the burial heap of farmer Rauður or Ásrauður in the sagas and from there two similar heaps can be located, the burial heap Bessahaugur in Fljótsdalur and the heap Ormarshaugur in Fell. Legends has it Rauður was buried with all his riches. People are said to have tried digging into the pile of rocks but always had to give up because of a burning vision of the homestead in Ketilsstadir. Walk the trail from Fagridalur road. (N65°14 -W14°21.156)




## #7 Valtýshellir

(N65°06.410-W14°28.517) // Létt ganga-Easy walk // 2.5-3 klst/hrs



Gengið frá Þjóðvegi austan (utan) við Gilsá (N65°08,172-W14°31.133). Farið er framhjá rústum Hátúna en þar var myndarbyli í árdaga Íslandsbyggðar og er sagt að þar hafi verið 18 hurðir á járnnum. Sjást þar enn merki um hlaðna grjótgara. Á 19. öld fannst þar fornt sverð, sem var brætt upp og úr því smíðaðar skaflaskeifur og aðrir þarfir hlutir. Áfram er gengið og komið að sléttum grasvelli, sem kallast Kálfavellir. Valtýshellir er lítill skúti innan við urðarrana skammt innan og norðan af Hjálpleysuvatni. Gangan í heild er um 8,4 km. Hólkurinn með gestabók og stimpli er rétt innan við skútann.

Walk from the main road east of Gilsá river (N65°08,172-W14°31.133), pass the ruins of Hátún which used to be a large farm in the early ages. It is said to have had 18 doors on iron hinges and latches. Remains of old rock fences are visible. In the 19th century an ancient sword was discovered there but it was promptly melted down and the metal casted for horseshoes and other necessities. Walk on further and along a flat grassy pasture named Kálfavellir. Valtýshellir is a small cavity further on behind some rubble north of Hjálpleysuvatn lake. The walk is about 8,4 km. The visitors' log and stamp is by the cave.





## #8 Bjargselsbotnar

(N65°05.465-W14°43.031) // Létt ganga-Light walk // 2-3 klst/hrs



Gengið frá Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað og fylgt stikum ljósgrænum að lit. Leiðin liggur í gegnum framhlaupsurð, sem myndaðist fyrir um 10.000 árum og nefnist Hólar. Áfram er haldið upp í Bjargselsbotna, inn eftir, undir Bjarginu að Þverbjargi þar sem Illaskriða hefur fallið. Út og niður af Illuskriðu er gengið niður að Leirtjarnarhrygg. Þar er að finna hólkinn með gestabók og stimpli.

Walk from the Hússtjórnarskóli schoolhouse in the woodlands of Hallormsstaður and follow a light green marked trail that passes through an area where half the mountain slid forward some 10.000 years ago. You'll ascend up to Bjargselsbotnar, inwards to Bjarg and Þverbjarg to Illaskriða or The Cruel Landslide. From there you follow the trail to the Leirtjarnarhryggur ridge. There you can find a cylinder with visitors' log and a stamp.



## #9 Höttur

(N65°07.63-W14°27.25) // 4 klst. brött fjallganga // 4 hrs. steep hike



Höttur (Hátúnahöttur) er tignarlegt fjall, sem rís upp af fjallshryggnum milli Austur-Valla og Fagradals, og er af mörgum talinn bæjarfjall Egilsstaða. Gengið frá Þjóðvegi austan (utan) við Gilsá (N65°08,172-W14°31.133) í átt að Grjótánni aðeins utan við Víðihjalla og upp með ánni. Áfram upp á Hattarhólana og síðan beygt inn eftir og upp á Höttinn (1106 m).

Höttur (Hátúnahöttur) is a beautiful mountain which lies in the mountain range between Vellir and Fagridalur and is favoured by many who live in Egilsstaðir. Walk from the road east of Gilsá (N65°08,172-W14°31.133), towards Grjótá river by Víðihjalli and up along the river. Onwards and up to Hattarhólar, turn inland and ascend to the top of Höttur (1106 m).






## #10 Stuttidalur

(N64°59.173-W14°35.217) // Létt ganga - A light walk // 2-3 klst/hrs



Gengið frá skilti, sem er við gönguhlið rétt við þjóðveginn utan við Haugaána. Leiðin er stikuð. Stuttidalur liggur í austur á milli Hallbjarnarstaðatinds og Haugafjalls. Hólkurinn með gestabók og stimpli er við tjörnina skammt innan við Sjónarhraunið. Upplagt að fara yfir ána og ganga um Haugahólana til baka niður að þjóðvegi. Haugahólar eru geysimikið berghlaup, eitt hið stærsta á Íslandi, sem fallið hefur úr Haugafjalli milli Stuttadals og Vatnsdals.

Walk from the sign by the gate close to the road by Haugaá river. The trail is staked. Stuttidalur lies east between Hallbjarnarstaðatindur and Haugafjall. The cylinder with visitors' log and a stamp is by the pond a short distance by Sjónarhraun. If you prefer a different route back the one way is crossing the river and passing through Haugahólar hills on the way to your starting point. Haugahólar hills were formed by a huge landslide, one of the largest ever from Haugafjall, and lie between Stuttidalur and Vatnsdalur.




## #11 Múlakollur

(N65°01.624-W14°38.049) // Brött ganga - Steep hike // 2-3 klst/hrs



Þingmúli skiptir Skriðdal í Norðurdal og Suðurdal en hringvegurinn liggur einmitt um Suðurdal til Breiðdals. Bærinn Þingmúli var helsti þingstaður Austfirðinga í nokkrar aldir og eru Múlasýslurnar nefndar eftir honum. Fremsti hluti Þingmúla er Múlakollur. Oft er genginn hryggurinn framan í Múlakolli beint upp, og er um það bil 400 metra hækkun. Síðan er gaman að ganga inn fjallið og niður austan megin nokkuð innan við Múlastekki. Á þeirri leið má sjá fallegt kubbaberg. Einnig er hægt að ganga inn með fjallinu upp frá Múlastekki.

Þingmúli divides Skriðdalur into Norðurdalur and Suðurdalur. The Round Road #1 lies through Suðurdalur to Breiðdalur. The homestead at Þingmúli was a place of gathering for the Thing in Eastern Iceland for centuries. The northernmost part of the mountain is called Múlakollur. Quite often hikers choose to ascend by the ridge (400 m). When you reach Múlakollur's top it is pleasant to walk onwards and along the top and descend on the east side a bit south of Múlastekkur. One can also ascend by walking up from Múlastekkur.








## #12 Sandfell

(N65°05.637-W14°30.298) // 5 klst brött ganga // 5 hrs. steep hike



Sandfell er mikilfenglegt, hrygglagla líparítfjall er minnir á tjaldbúð því hlíðar þess eru með jöfnum halla, klettalausar að mestu. Á Sandfelli eru tveir toppar, dökkleitir. Lagt upp frá veginum utan við Stóra-Sandfell. Gengin slóð í fyrstu, inn að girðingu en síðan er gott að ganga upp með girðingunni. Því næst skal halda upp hrygginn norðan í fjallinu og áfram beint af augum upp á topp 1157 m.

Sandfell is an impressive looking rhyolite mountain in the shape of a ridge and reminds one of a tent because of its even slopes which are mostly free of cliffs and by its two darker peaks. To climb, walk the trail close to Stóra-Sandfell farm towards a fence then turn and walk up along it, then upwards by the trail on the northern ridge straight to the top which reaches 1157 m.




## #13 Skúmhöttur

(N65°02.548-W14°28.848) // 6 klst. brött ganga // 6 hrs. steep hike



Skúmhöttur er næst hæsta fjall í fjallgarðinum milli Reyðarfjarðar og Fljótsdalshéraðs. Fjallið er að mestu úr líparíti en sjálfur tindurinn er úr dekkra bergi. Gengið frá Þórisá og síðan eftir hryggnum framan í fjallinu alla leið upp á topp 1229 m. Skemmtileg fjallganga á áhugavert fjall.

Skúmhöttur the second tallest mountain in the range between Fljótsdalshérað and Reyðarfjörður. It consists mostly of rhyolite but the peak itself is of darker rock formation. Walk from Þórisá and along the ridge in its slopes all the way up to the top of 1229 m. A good walk and an interesting mountain.




# PERLUR

FLJÓTSDALSHÉRAÐS

## HIKING TREASURES IN EGILSSTAÐIR REGION

- #1 Kóreksstaðavígi
- #2 Stapavík
- #3 Stóruð
- #4 Fardagafoss
- #5 Vestdalsvatn
- #6 Raudshaugur
- #7 Valtýshellir
- #8 Bjargselsbotnar
- #9 Höttur
- #10 Stuttidalur
- #11 Múlakollur
- #12 Sandfell
- #13 Skúmhöttur
- #14 Strútsfoss
- #15 Hengifoss
- #16 Snæfell
- #17 Hrafnafell
- #18 Rangárhnjúkur
- #19 Spanarhóll
- #20 Húsey
- #21 Heidarendi
- #22 Grjótgarður
- #23 Hnjúksvatn
- #24 Eiríksstaðahneflar
- #25 Hafrahvamar
- #26 Hvannárgil
- #27 Landsendi
- #28 Þerribjarg





## #14 Strútsfoss

(N64°54.194-W15°02.314) // Létt ganga - Fairly easy walk // 2 klst/hrs 

Gengið er frá Sturluflöt, innsta bæ í Suðurdal, austan Kelduár. Gengið er upp með Fellsá austanvert í Villingadal. Fossinn sést ekki fyrr en komið er nokkuð langt inn dalinn. Þá er hægt að ganga upp með Strútsgili þar sem komið er að því. Þar uppi er hólkurinn með gestabók og stimpli. Einnig er hægt að fara yfir göngubrú sem er neðarlega á Strútsá. Ekki er hægt að komast alla leið að fossinum nema fara niður í gilið og vaða ána nokkrum sinnum sem getur verið varhugavert. Strútsfoss er á náttúruminjaskrá.

Start from Sturluflöt which is the innermost farm in Suðurdalur, east of Kelduá river. Walk along the banks of Fellsá river on the east side of Villingadalur valley. The waterfall can't be seen until one is quite far into the valley once there one can walk along Strútsgil creek. The cylinder with visitors' log and a stamp is to be found up by Strútsgil creek. One can also cross the river via a bridge on Strútsá river. You can not get to the waterfall except by going into the creek and crossing the river a few times which can be treacherous. Strútsfoss waterfall is on the list of nature reserves.



## #15 Hengifoss

(N65°04.41-W14°52.84 start) // Létt ganga - Easy walk // 2 klst/hrs 

Annar hæsti foss landsins, 128 m hár, í Hengifossá. Hægt er að ganga upp með áni beggja vegna frá Þjóðvegi. Algengast er þó að ganga frá bílastæði við ána. Hækkun er um 300 metrar. Á leiðinni upp sést eitt hæsta stuðlaberg landsins við Litlanesfoss. Gaman er að fara upp fyrir Hengifoss, vaða ána og ganga hinum megin niður en þá lengist gangan töluvert. Hólkurinn með gestabók og stimpli er á grasflöt nokkru áður en stígurinn endar (N65°05.422-W14°53.200).

Hengifoss is the second tallest waterfall in Iceland, 128 meters, in Hengifossá river. One can reach the waterfall from both sides of the river though it is more common to walk up from the parking area by the riverside. Elevation is 300 m. On the way up one gets a view of one of the tallest steeples or pillars of rock by Litlanesfoss waterfall. It is also exciting to walk around the canyon by going up above the edge of Hengifoss, cross the river and walk down the hill on the other side, but that is a longer hike. The cylinder with visitors' log and stamp is in a grassy spot close to the end of the trail (N65°05.422-W14°53.200).






## #16 Snæfell

(N64°47.846-W15°33.631) // 6 klst. fjallganga // 6 hrs. hike



Hæsta fjall Íslands utan jökla, 1833 m. Gengið er frá bílastæði 1.5 km innan við Snæfellsskála. Löng og meðalerfið en nokkuð greið leið. Gönguleiðin er stíkuð og fær öllu vönu göngufólki. Hækkun er rúmlega 1000 metrar og göngulengd 7 til 8 km. Fjallið er hæsti hluti lítillar megineldstöðvar. Hólkurinn með gestabók og stimpli er á toppi fjallsins. Ef hann er á kafi í snjó er stimpill í Snæfellsskála.

Iceland's tallest mountain (excepting glaciers) or 1833 m tall. Start from the parking area approx. 1.5 km south of Snæfellsskáli hut. It is a long moderately difficult walk yet the trail is fairly smooth. The trail is staked and suitable only for experienced hikers. Elevation is approximately 1000 m and hikes' distance is seven to eight km. The mountain is the highest part of a volcanic center. The cylinder with visitors' log and stamp is up on the mountains' top. If it is covered or hidden by snow there is a stamp in the Snæfellsskáli hut.




## #17 Hrafnafell

(N65°18,304-W14°29,098) // Létt ganga - Easy walk // 1.5-2 klst/hrs



Ekið Fjallsselsveg upp á hæsta ás suðvestan við Hrafnafell. Gengið frá vegi að fjarskiptamöstrum á Hrafnafelli þar sem hólkinn með gestabók og stimpli er að finna. Upplagt að koma við í Hrafnafellsrétt (N65°18.02-W14°29.23), sem er sérstæð, hlaðin grjótrétt milli kletta skammt austan vegar. Gaman er að ganga síðan út af Hrafnafellinu og inn með því að austanverðu og koma við í Kvíahelli (N65°18,359-W14°29,063).

Drive the gravel road up to Fjallssel farm and to the highest spot south-west of Hrafnafell. Walk from the road towards the antennas on Hrafnafell where you can find the cylinder with the visitors' log and stamp. Do walk on to Hrafnafellsrétt livestock pen (N65°18.02-W14°29.23) which is man-made of rocks and stones, between cliffs slightly to the east of the trail. It is also very nice to descend east of Hrafnafell and see Kvíahellir cave (N65°18,359-W14°29,063).






## #18 Rangárhjúkur

(N65°19.410-W14°35.498) Létt ganga - Easy hike // 3-4 klst/hrs



Auðveldast er að ganga vegarslóða frá Fjallsseli. Þegar upp er komið er farið út af veginum og gengið út á Rangárhjúkinn þar sem hólkurinn með gestabók og stimpli er. Gaman er að fara niður hjá Egilsseli og ganga síðan veginn í Fjallssel. Er þá gengið framhjá Dansgjá, sem er sérkennileg gjá eða sprunga í gegnum klettaás, vestur af Staffellsbjörgum rétt við veginn.

It is most convenient to walk up along the old road from Fjallssel. When you arrive there turn off the road to the right and walk onto Rangárhjúkur where you will find the cylinder with the visitors' log and stamp. On the way back it is a good idea to walk down to Egilssel farm and walk on towards Fjallssel farm. Then you will pass Dansgjá which is a peculiar creek or ravine through tall cliffs west of Staffellsbjörg cliffs right off the road and marks the borders of the farms.



## #19 Spanarhóll

(N65°15.588-W14°41.446) // Létt ganga - A light hike 5 klst/hrs



Spanarhóll er í norðurenda Fjórðungsháls 591 m. Ekið inn Fellin að Refsmýri. Gengið þaðan að Hlíðarseli og áfram upp gilið fyrir ofan rústirnar upp á Fjórðung á Fellaheiðinni. Þaðan er greið leið að Spanarhóli. Hólarnir eru fjórir og ætti fólk endilega að ganga að þeim öllum. Einnig er hægt að fara á Spanarhól með því að ganga upp með Ormarsstaðaánni eða frá Fjallsseli upp á brún og svo inn eftir. Hólkurinn er á stærsta hólnum. Spanarhóll er vel þekktur huldufólksstaður en nafnið er líklega dregið af líkingu stuðlanna við tréspæni.

Spanarhóll is in the north end of Fjórðungsháls, 591 m high. You drive to the south up Fell to the farm Refsmýri. From there you walk to Hlíðarsel and onwards up the canyon above the ruins up on Fjórðungur on the Fell heath. From there the way to Spanarhóll is easily hiked. There are four hills and people should walks towards all of them. One can also hike to Spanarhóll hill by going up by the Ormarsstaðir river or from Fjallssel up to the edge, and then inland. The cylinder is on top of the biggest hill. At the hill, lore has it that there is presence of elves or hidden people.





## #20 Húsey

(N65°38.775-W14°14.670) // Létt ganga - Easy walk // 2 klst/hrs



Gengið er um sléttuna utan við Húseyjarbæinn út við Héraðsflóa. Hægt er að velja um 6 km (ca 2 klst) eða 14 km hringleið. Mikið fuglalíf og selalátur. Gott er að hefja göngu við hestaskjól/aðhald við veginn (N65°38.322-W14°18.097). Gengið í átt að Jökulsá í gegnum hlið og síðan gengnir bakkar allt þar til komið er að hólknunum þar sem er gestabók og stimpill. Hólkurinn er við borð nálægt sjónum ca 3 km utan við bæinn. Síðan er haldið áfram og stefnt á Húseyjarbæinn. Loks er vegurinn genginn og hringnum lokað.

Walk on to the plains out of the Húsey farm, out by Héraðsflói bay. One can choose between two distances to hike a six km or a fourteen km hike. There are a lot of birds to watch in the area and also seals. It is convenient to start from a walled horse shelter by the road (N65° 38.322-W14°18.097). Walk towards the river Jökulsá, through a gate and walk along the banks until you get to the cylinder with the visitors' log and stamp. It is close to the sea, ca. 3 km from the farm. Then walk on towards the farmhouse along the trail and the circle is closed.




## #21 Heiðarendi

(N65°23.085-W14°33.819) // Létt ganga - Easy walk // 2-3 klst/hrs



Ekið upp fyrir Heiðarsel og beygt inn á slóð til vinstri áður en komið er að Náttþaga. Gengið frá skilti sem er við gamla veginn fyrir ofan Náttþaga. Gengið upp á brún og síðan út eftir til hægri uns komið er að hólknunum þar sem er gestabók og stimpill. Gaman er að ganga út Heiðarendann, niður og inn með honum til baka eftir gamla veginum.

Take the driveway up to and above Heiðarsel farm and turn to left before you come to the farm Náttþagi. Walk from a sign by the old road above Náttþagi. Walk up to the top and further on to the right where you get to the cylinder with the visitors' log and stamp. It is pleasant to walk on from Heiðarendi descend and walk back by the old gravel road.






## #22 Grjótgarður við Hjarðarhaga

(N65°21.391-W15°00.061) // Létt ganga - Easy walk // 2.5 klst/hrs



Stutt ganga en nokkuð brött. Bílum er lagt við vegamótin að Hnefilsdal. Gengið er um merkt hlið en þaðan er stikuð leið upp með Sauða upp á brún að Grjótgarðinum. Gengið út með Grjótgarðinum uns komið er að hólknúm þar sem er gestabók og stimpill. Haldið áfram í átt að Teigará út að vörðu og síðan aðeins til baka og niður stikaða reiðgötu um Hestagilið. Ekki er vitað hvaða tilgangur var með hleðslu Grjótgarðsins en sennilegt er að hann hafi verið aðhald fyrir sauðfé eða jafnvel svín.

A walk of about two and a half hours, fairly short but quite steep. Park your cars at the crossroads to Hnefilsdalur. Pass through a marked gate and follow the staked trail up along the river Sauða up to the edge of the slope to the stone wall or fence. Follow the fence until you've reached the cylinder with the visitors' log and stamp. Keep on towards Teigará to the cairn and then walk back for a bit down a staked horse riding trail through Hestagil creek. The purpose of the stone wall is unknown but thought to have been a fence for farm animals.



## #23 Hnjúksvatn

(N65°14.333-W15°15.887) // Létt ganga - Easy walk // 2-3 klst/hrs



Gegnt Merki á Jökuldal uppi á heiðinni er Hnjúksvatn. Gengið er með vegi upp með Hnjúksánni að Binnubúð við Hnjúksvatn. Þar er hólkurinn með gestabók og stimpli. Gaman er að ganga í kringum vatnið áður en haldið er til baka. Það var gömul kona af Jökuldalnum, Brynhildur Stefánsdóttir, ljósmóðir, sem lét reisa þetta hús á sinn kostnað fyrir fólk, sem vildi halda til við vatnið og ganga um þetta hálendi.

Hnjúksvatn is a lake on the heath across from Merki farm. Follow a trail along the Hnjúksá river to Binnubúð hut by Hnjúksvatn. By the hut you will find the cylinder with the visitors' log and stamp. An old lady and midwife, Brynhildur Stefánsdóttir built this hut for those who wished to visit and enjoy the highlands.






## #24 Eiríksstaðahneflar

(N65°08.617-W15°28.195) // Fjallganga - Hike // 5-6 klst/hrs



Gengið frá Langavorssteini við Þverá innan við Eiríksstaði á Fremri-Hnefil (947 m). Þar er hólkurinn með gestabók og stimpli. Síðan er gengið á Ytri-Hnefil (922 m), ef vilji er til, og niður í Eiríksstaði. Gaman er einnig að ganga að Hneflaseli, sem fór í eyði 1875, og halda síðan til baka milli Hneflanna niður í Jökuldal.

Walk on from Langavorssteinn rock by the river Þverá south of Eiríksstaðir farm and on to Fremri Hnefill - top (947 m) where you will find the cylinder with the visitors' log and stamp. From there one can cross over to the top of Ytri Hnefill (922m) and down to Eiríksstaðir farm. It is also nice to walk over to the ruins of the abandoned (since 1875) Hneflasel farm and between the two fells on the way back to Jökuldalur valley.




## #25 Hafrahvamar/ Dimmugljúfur/Magnahellir



(N64°99.252-W15°71.683) // Létt ganga - Easy walk // 0.5 klst/hr

Ekið frá Kárahnjúkastíflu eftir góðri jeppaslóð að norðan út Lambafell að krossgötum við Laugavelli. Farið er niður að bílplani við Dimmugljúfur. Þar er upplýsingaskilti og upphaf merktrar gönguleiðar, sem liggur í Hafrahvamma og Magnahelli. Hólkurinn með gestabók og stimpli er í hellinum. Það var síður Brúarbændur að fornu að hafa sauðfé sitt inni í hvömmum nokkrum við Jökulsá á veturnum í helli þeim, sem þar er og kallaður er Magnahellir. Tekur hann nafn af Magna, bónda, sem fyrrum bjó á Brú, og fann fyrstur upp á að hafa þar sauðfé á veturnum um tíma.

Drive north of Kárahnjúkastífla reservoir along a road (fit for SUV) on Lambafell to crossroads by Laugavellir. Drive down to a parking area by Dimmugljúfur canyons. There you will find a sign containing information and the a trail running through Hafrahvamar canyon and Magnahellir cave where you will find the cylinder with the visitors' log and stamp. The farmers in Eiríksstaðir used to keep their sheep in the slopes by Jökulsá river close to the cave called Magna cave which derives its name from the farmer named Magni who was the first one to keep his sheep there in winter.







## #26 Hvannárgil

(N65°16.868-W15°47.418) // Létt ganga - Easy walk // 4 klst/hrs



Hringleið frá neðsta Hvannárgili (N65°17.525 - W15°50.881), þaðan í efsta gilið og niðurgilin til baka. Afar falleg gil með fjölbreyttum klettamyndunum. Í mið giliinu er falleg hvelfing sem gaman er að skoða. Efsta gilið er mjög stórbrotið og endar í fallegum fossi. Hólkurinn með gestabók og stimpli er í efsta giliinu.

A circular trail through Hvannárgil creeks from a ravine (N65°17.525 - W15°50.881) leading from there to the highest creek and through the lower ones on the way back to the starting point. It has beautiful rock formations and in the middle one is a gorge which is absolutely worth the effort. The highest creek is very impressive and a waterfall is at its end. The cylinder with the visitors' log and stamp is in the highest creek.



## #27 Landsendi

(N65° 43.352-W14°23.300) // Létt ganga - Easy walk // 2 klst/hrs



Gengið frá Þjóðvegi (áður en haldið er upp á Hellisheiði) við Biskupshól (N65°42.52-W14°24.41). Þaðan ersvo gengið að Keri sem er forn verstöð og út á Landsendahorn. Þar er afar fallegt útsýni yfir Móvíkur, tvær vikur sem eru næst fyrir utan Landsenda og mynda stórar geilur inn í strandfjöllin. Ofan við þær eru um 2-300 m há björg og snarbrattar skriður, Móvíkurflug. Bergið í þeim er aðallega líparít sem skartar öllum regnbogans litum. Hólkur með gestabók og stimpli er á bakkanum fyrir ofan Ker.

Walk from the road towards Ker (before crossing the mountain road Hellisheiði) (N65°42.52-W14°24.41), and from there to Landsendahorn cliff. There one can enjoy a magnificent view of Móvíkur. Above them are 200-300 meters high cliffs and hanging rocky slopes called Móvíkurflug. The rock consists mostly of rhyolite of many colours but mostly yellowish, light brown or greenish grey. The cylinder with the visitors' log and stamp is on the banks above Ker.





## #28 Þerribjarg

(N65°45.336-W14°20.990) // Erfitt - Difficult // 5 klst/hrs



Nokkuð brött og erfið ganga. Ekið er upp á Hellsheiði og þaðan eftir vegarslóða þar til komið er efst í Kattárdalsdrög. Vegarslóðin liggur niður í Kattárdal. Þar er skilti þar sem bílum er lagt og gangan hefst. Stíkað er frá skiltinu fram á brún ofan við Múlahöfnina. Þaðan (65°45.144-W14°21.964) liggur kindagata niður fyrir brúnina niður skriðuhrygg og niður í Múlahöfn. Höfnin er frábær náttúrusmið gerð af meistarans höndum, umgirt bríkum og dröngum á tvo vegu. Múlahöfn var gerð löggilt verslunarhöfn 1890 en aðeins var skipað þar upp einu sinni þar sem erfitt var að koma vörum til byggða. Frá Múlahöfninni er síðan gengið meðfram sjónum í norður út á ytri tangann. Þar blasir við Þerribjarg og þar undir Langisandur. Hólkurinn með gestabók og stimpli er við stíginn niður á sandinn. Allir ættu að ganga sandinn undir Þerribjargi áður en haldið er til baka.

Drive the main road up Hellsheiði mountain and when you've reached where you are about the highest part, take an off-road trail to the right from there until you've reached Kattárdalsdrög. The trail leads to Kattárdal valley. There is a sign where you can park your car and start walking. The trail is staked to the edge of the cliffs above Múlahöfn harbour. From there (65°45.144 - W14°21.964) lies a trail below the edge, down a rocky slope down to Múlahöfn, one of nature's master pieces surrounded by cliffs and huge pillars of rock on two sides. This harbour was declared an official trading harbour in 1890 but was only used once as such because of the complications when bringing the shipment further on land. From the harbour, walk north to the outer point. From there one can see Þerribjarg and Langisandur shore. The cylinder with the visitors' log and stamp is by the trail leading down to the beach. Hikers are encouraged to go down and walk along the sand under Þerribjarg cliffs before turning back.



Ferðafélags Fljótaldshéraðs og Egilsstaðastofa geta aðstoðað fólk við að finna leiðsögumenn í Perlugöngur

The Touring Club of Egilsstaðir and Egilsstaðastofa Visitor Center can help people finding guides to the „Hiking Treasures“

ferdaf@ferdaf.is  
tel: (+354) 868 6813  
info@visittegilsstadir.is  
tel: (+354) 470 0750

**PERLUR**  
FLJÓTSDALSHÉRAÐS

**HIKING TREASURES**  
IN EGILSSTAÐIR REGION

Perlur Fljótaldshéraðs 1. útgáfa 2016. Útgefendur: Ferðafélag Fljótaldshéraðs, sveitarfélagið Fljótaldshérað og Þjónustusamfélagið á Héraði. Umsjón: Ferðafélag Fljótaldshéraðs/Hjördís Hilmarsdóttir. Kortagerð og uppsetning: Halþór Snjólfur Helgason landfræðingur & margmiðlunarhönnuður. Ljósmyndir: Anna Björk Guðjónsdóttir, Brynjar Örn Arnarson, Guðmundur Ingi Jóhannsson, Guðrún Frímansdóttir, Halþór S. Helgason, Helgi Magnús Arngrímsson, Hjördís Hilmarsdóttir, Jónas Þór Jóhannsson, Kristinn Þorsteinsson, Skarphéðinn Þórisson, Þorvaldur Hjarðar. Prentun: Guðjón Ó. Kortagrunnur: © Landmælingar Íslands.

Póstfang og heimasíða: ferdaf@ferdaf.is www.ferdaf.is sími 863 5813.



#perlurfljotsdalsherads  
#hikingtreasures  
#visitegilsstadir



tripadvisor®

Deildu þinni upplifun  
Share your experience

VISIT   
EGILSSTAÐIR  
[www.visitegilsstadir.is](http://www.visitegilsstadir.is)

**safe**travel.is

*The official source for safe adventure in Iceland*